

AUGLÝSING
um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun
friðlands og fólkvangs í Hólmanesi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland og fólkvang í Hólmanesi. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Notkun dróna og annarra ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfis-stofnunar.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. nóvember 2017.

Björt Ólafsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.